

Hólalax hf.
Ásmundur Baldvinsson
Hólum I
551 Sauðárkrókur

2005070024
5200; 9310

Reykjavík, 27. apríl 2006
/--

Efni: Breytingar á rekstri fiskeldisstöðvarinnar Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hólalax hf. dagsett 5. júlí 2005 og viðbótargagna er bárust með bréfi dags. 26. október 2005, þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð breyting á rekstri Hólalax hf. í landi Hofs í Hjaltadal samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og tl. 13 a sbr. tl.1 g í 2. viðauka laganna. Breytingin felst í aukinni framleiðslu bleikjuseiða, þ.e. úr 500.000 í 1.000.000 seiði á ári og aukinni matfiskframleiðslu úr 100 tonnum í 500 tonn á ári.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra, nú Landbúnaðarstofnun.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 24. apríl 2006, dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 9. nóvember 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 9. nóvember 2005, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 23. nóvember 2005, 11. janúar og 21. apríl 2006 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 1. nóvember 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Hólalaxi hf. með bréfum dags. 2. og 30. nóvember 2005 og tölvupósti dagsettu 6. mars 2006.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð framkvæmd felst í breytingu á rekstri sem mun auka framleiðslu eldisstöðvar Hólalax hf. úr um 500.000 bleikjuseiðum og tæplega 100 tonnum af matfiski á ári í 1.000.000 bleikjuseiði og 500 tonn af matfiski. Fiskeldisstöðin hefur verið starfrækt síðan 1980. Núverandi úrvinnsla afurða, slæging, flökun og pökkun, fer öll fram hjá FISK Seafood hf. á Sauðárkróki. Stöðin er staðsett í landi Hofs í Hjaltadal, á malareyri um 70 m norðan við brú yfir Hjaltadalsá. Vatn er sótt annars vegar í Hofsá, um 160-200 l/sek og hins vegar í jörðu sunnan Hofsár, um 50-60 l/sek, auk heits vatns frá Reykjum um 11 l/sek. Ekki er gert ráð

fyrir að aukin starfsemi auki vatnsnotkun heldur verði vatnsnýting bætt. Frárennsli stöðvarinnar fer í tvær raðtengdar settjarnir og síðan í Hjaltadalsá sem hefur meðalrennsli um 10 m³/sek. Fyrirhugað er að auka kerarými úr 1000 m³ í 4000 m³.

Áhrif á fiskistofna og vatnsgæði Hjaltadalsár.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vatn frá kerum verði leitt úr þeim um botnrás í tromlusíu með 100 mikró síudúk, þaðan í 200 m² fellitjörn og síðan í gegnum tvær raðtengdar settjarnir, 7000 m² og 14.000 m², áður en það er leitt út í viðtakann Hjaltadalsá. Dvalartími í settjörnum verið um 28 klst. Í gögnum framkvæmdaraðila er gerð nánari grein fyrir hreinsun frárennslis og áætluðu efnaálagi á viðtaka. Fram kemur að í Hjaltadalsá sé sjóbleikjustofn og eitthvað af náttúrulegum laxi. Helstu hættur frá fiskeldi gagnvart náttúrulegum stofnum (bleikja, lax) séu sjúkdómar, ofauðgun og eyðilegging með erfðablöndun. Hreinsibúnaður og síukerfi á frárennsli á að tryggja að hvorki hrogn né fiskur sleppi út úr vatnakerfi Hjaltadalsár. Öll hrogn komi frá klakstöð Hólaskóla þar sem ýtrasta öryggis sé gætt til að vernda stofna gegn sjúkdómum. Gert er ráð fyrir vöktun á lífrænum efnum í Hjaltadalsá ofan stöðvarinnar, í frárennsli stöðvarinnar og um 100 m neðan útfalls frárennslisins í ána.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka framleiðslu til að ná fram hagkvæmi í rekstri og til að viðhalda markaðshlutdeild.

Skipulag.

Deiliskipulag fyrir fiskeldisstöð Hólalax hf. er frá 30. janúar 2004 og fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við það.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Sveitarfélagið Skagafjörður, dýralæknir fisksjúkdóma, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á fiskistofna og vatnsgæði Hjaltadalsár.

Sveitarstjórn Skagafjarðar telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem gert sé ráð fyrir hreinsun fráveituvatns.

Dýralæknir fisksjúkdóma telur að fyrirhuguð stækkun í umfangi lífmassa stöðvarinnar hafi að hans mati engin neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Hjaltadalsár sem er viðtaki frárennslis frá eldisstöðinni.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra bendir á að verið sé að framkvæma viðeigandi breytingar á mengunarvarnabúnaði þannig að hann uppfylli ákvæði um bestu fánalegu tækni auk þess sem sett verði tromlusía á frárennsli við stöðvarvegg. Í ljósi þessa sé ekki ástæða til að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð aukningu í framleiðslu á bleikju, úr 100 tonnum í 500

tonn á ári, samvari 25-földu því magni sem er tilkynningarskyld skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þegar fráveita er í ferskvatn. Bent er m.a. á að þar sem Hjaltadalsá hafi ekki verið flokkuð skv. kröfum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns þurfi að liggja fyrir sérfræðiálit um hugsanleg áhrif þess að um allt að tvöföldun styrks næringarefna verði að ræða eftir stækkun eldisstöðvarinnar. Sérfræðiálit Náttúrustofu Kópavogs, barst frá framkvæmdaraðila og er þar fjallað um hugsanleg áhrif á lífríki Hjaltadalsár af völdun næringarefnaauðgunar (N og P) vegna fyrirhugaðrar stækkunar á eldisstöð Hólalax. Þar kemur fram að ekki sé við því að búast að áætluð aukning í styrk N og P í Hjaltadalsá muni hafa nein teljandi áhrif á lífríki árinna á heildina lítið, hvorki er varðar tegundasamsetningu né magn tegunda (lífmassa). Ekki sé þó útilokað að aukning í N og P kunni að hafa einhver staðbundin áhrif í ánni. Niðurstaða framangreinds álits er sú að með vísan til reglugerðar nr. 796/1999 varðandi mengunarflokkun sé ekki við öðru að búast en að Hjaltadalsá í heild lendi í flokki A (ósnotið vatn) m.t.t. til heildar P og heildar N og í flokki A eða B (lítið snortið vatn) m.t.t. PO₄ og NH₄. Með hliðsjón af framangreindu áliti og öðrum fyrirbyggjandi gögnum sem framkvæmdaraðili hefur þegar lagt fram er það mat Umhverfisstofnunar að ekki sé líklegt að fyrirhuguð stækkun eldisstöðvar Hólalax muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun ítrekar í umsögn sinni ábendingar stofnunarinnar þess efnis að samkvæmt leiðbeiningum OSPAR, gr. 4.9-4.10, skuli vakta losun næringarefnanna P og N við mismunandi aðstæður og fyrir framleiðslufyrirtæki með meira en 200 tonna ársframleiðslu skuli gera mælingar 12 sinnum á ári í inn- og útrennsli stöðvarinnar.

Veiðimálastjóri bendir á að þar sem tromlusía verði í frárennsli ætti það að tryggja að lifandi fiskur berist ekki niður í Hjaltadalsá. Í ljósi þess að áin sé mjög næringarsnauð sé ekki nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra breytinga.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á rekstri eldisstöðvar Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði, sem felst í aukningu framleiðslu úr um 500.000 bleikjuseiðum og tæplega 100 tonnum af matfiski á ári í 1.000.000 bleikjuseiði og í 500 tonn af matfiski á ári. Fyrirhugað er að auka kerarými úr 1000 m³ í 4000 m³ en með bættri nýtingu vatns á ekki að þurfa að auka vatnsöflun. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a sbr. tl.1 g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur í ljósi gagna framkvæmdaraðila um búnað fiskeldisstöðvarinnar og þess sem fram kemur í umsögnum, varðandi hugsanlega hættu á áhrifum framkvæmdarinnar á náttúrulega stofna bleikju og lax af völdum sjúkdóma, ofauðgunar og eyðileggingar með erfðablöndun, að áhrif fyrirhugaðrar stækkunar eldisstöðvar Hólalax hf. í Hjaltadal á vistkerfi Hjaltadalsár verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hólalax hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hólalax hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting í rekstri eldisstöðvar Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð Hólalax hf. frá 30. janúar 2004. Framkvæmdin er einnig háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Landbúnaðarstofnunar skv. reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Skagafjörður, dýralæknir fiskjúkdóma, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Umhverfisstofnun og Landbúnaðarstofnun/veiðimálastjóri